

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2021

Efni: Umsögn um 369. mál, lagafrumvarp, 151. löggjafarþing 2020–2021, Hálendisþjóðgarður.

Áréttun! Umsögn þessi er alfarið bundin við takmarkanir og skerðingu á rétti einstaklinga til að njóta hálendis Íslands upp á sinn máta eins og réttur einstaklingsins er skilgreindur í lögum um náttúruvernd 2013 nr. 60 10. apríl, IV. kafli. Almennaréttur, útivist og umgengni.

Ekkert af umsögn þessari varðar rekstraraðila, virkjunarsinna eða aðra framkvæmdaaðila innan þjóðlenda eða þjóðgarða, enda er undirritaður þeirrar skoðunar að takmörkun á almennarétti samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 hafi engan réttmætan tilgang í því samhengi.

Varðandi 3. gr. lagafrumvarps um hálendisþjóðgarð, Markmið hálendisþjóðgarðs:

- 2. Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningar og sögu þjóðgarðsins.*
- 3. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.*
- 4. Stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.*

Liðir 2-4 samræmast ekki ákvæðum 18. gr. þar sem aðgengi er heft og takmarkandi ákvæði sett þeim sem vilja njóta víðáttu hálendisins á eigin forsendum og samkvæmt almennarétti.

Varðandi 17. gr. lagafrumvarps um hálendisþjóðgarð, Bann við spjöllum og raski:

Vandséð er að þessi grein bæti nokkru við lög um náttúruvernd og snúist fyrst og fremst um tilflutning á valdi.

Varðandi 18. gr. lagafrumvarps um hálendisþjóðgarð, Dvöl, umgengni og umferð í Hálendisþjóðgarði:

Undirritaður er algerlega mótfallinn þeim íþyngjandi og frelsissviptandi ákvæðum sem finna má í 18. gr. frumvarpsins. Ekkert af þeim takmörkunum á almennarétti og frelsi einstaklinga sem þar er að finna eru nauðsynlegar til að ná fram markmiðum 3. gr. nema hugsanlega í undantekningartilfellum og þá á mjög afmörkuðum svæðum.

Almenningi er heimil för um Hálendisþjóðgarð og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Frelsi einstaklinga til að njóta víðáttu landsins er tryggt og skilgreint í lögum um náttúruvernd 2013 nr. 60 10. apríl, IV. kafli. Almennaréttur, útivist og umgengni.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru Hálandisþjóðgarðs og menningarminjar og sýna ýrtruðu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt.

Skyldur almennings í umgengni við náttúruna eru skilgreindar í 1. gr. laga um náttúruvernd 2013 nr. 60, markmið laganna: „Lögin eiga að:

a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur,

b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna,

c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almenntri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.“

Gestum Hálandisþjóðgarðs er skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Skýra þarf betur boðvald og umboð þjóðgarðsvarða.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal setja reglur um dvöl, umgengni og umferð í Hálandisþjóðgarði, þ.m.t. tjöldun og umferð gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda, sem og um umferð vélknúinna ökutækja, báta, skipa, loftfara, flygilda og hvers konar annarra farartækja í þjóðgarðinum. ... Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum þjóðgarðsins allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Framangreind málsgrein stangast á við ýmis gildandi lög og reglugerðir á þann hátt að verið er að takmarka frelsi einstaklinga til að njóta hálandisins eins og við höfum mörg hver gert áratugum saman. Þegar um er að ræða þriðjung landsins, nærri því allt hálandi Íslands, þá er stórmál þegar almannaréttur er afnuminn með einu pennastriki og þær heimildir sem skilgreindar eru í lögum um náttúruvernd settar undir geðþóttavald ráðherra. Nærtæk dæmi má finna í lögum og reglugerðum um Vatnajökulsþjóðgarð, en þar hefur tugum vegslóða verið lokað, oft með rýrum rökum, sem höfðu verið í notkun áratugum saman.

Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar fyrir flugvéla- og þyrlulendingum innan Hálandisþjóðgarðs utan skilgreindra flugvalla. Þá skal jafnframt afla leyfis þjóðgarðsvarðar fyrir notkun flygilda á þeim svæðum þar sem slíkt er áskilið samkvæmt ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar. Í stjórnunar- og verndaráætlun er heimilt að setja skilmála um umferð loftfara í þjóðgarðinum til verndar náttúru og til að tryggja aðgengi, öryggi og/eða upplifun gesta. Slíkir skilmálar geta falið í sér bann eða takmarkanir við slíkri umferð á tilteknum svæðum. Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um málsmeðferð slíkra leyfisveitinga.

Framangreind málsgrein er gríðarlega heftandi umfram það sem lög og reglugerðir heimila. Flugmenn hafa heimild til að lenda á vegum, slóðum, vötnum, snjó, óskráðum/afskráðum landingarstöðum og annarsstaðar þar sem ekki hlýst tjón af án sérstaks leyfis, nema ef landingarstaðurinn er í einkaeigu. Að takmarka aðgengi flugmanna að hálandi Íslands með þessum hætti er gróf aðför að rétti þeirra til að njóta landsins. Þá er forkastanlegt að lagt sé fram lagafrumvarp með slíkum skerðingum á frelsi flugmanna án þess að nokkurt af

hagsmunafélögum þeirra sem stunda almannaflug sé skilgreint sem hagaðili og óskað umsagnar þeirra.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Hálendisþjóðgarðs skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum þar sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins.

Tugum slóða var lokað innan Vatnajökulsþjóðgarðs, oft með afar hæpnum rökum. Því fer víðsfjarri að Vonarskarðsleið sé eina hálendislóðin sem lokað var, þó hún hafi orðið að táknmynd fyrir ofríkið.

Ákvæði laga þessara um akstur utan vega í Hálendisþjóðgarði ganga framur ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

Framangreind málsgrein undirstrikar það geðþóttavald sem ráða mun aðgengi samkvæmt þessu lagafrumvarpi.

Niðurlag

Það er sitthvað stuðningur við þjóðgarð, eða stuðningur við framlagt lagafrumvarp um hálendisþjóðgarð.

Ekki verður með nokkru móti séð hvaða tilgangi það þjónar að leggja nærri allt hálendi Íslands undir íþyngjandi boð og bönn fyrir almenning til að stemma stigu við stórfelldum framkvæmdum, nú eða til þess eins að státa af stórum þjóðgarði.

Ísland á stærsta þjóðgarð í heimi miðað við höfðatölu, Vatnajökulsþjóðgarð, og ekki verður séð að þar sé slík glimrandi fyrirmynd og mannasættir að hvetja skuli til margföldunar á stærð hans.

Ísland er nú í 12. sæti, samkvæmt Wikipedia, ef litið er til hlutfalls landsvæðis þjóðarinnar sem skilgreint er sem þjóðgarður. Á toppnum tróna grannar okkar Grænlandingar með þjóðgarð sem er 971,000 km², 44,8% landrýmis þeirra, en Ísland kemst tæpast á blað á heimsvísu ef litið er til fjölda ferkílómetra, og gildir þá einu hvort um er að ræða með eða án frumvörpuðum hálendisþjóðgarði, þar sem 14 þjóðir státa af þjóðgörðum sem eru samtals víðfeðmari en Ísland allt.

Með vísan í ofangreint lýsir undirritaður sig andvígán 369. máli, lagafrumvarp, 151. löggjafarþing 2020–2021, Hálendisþjóðgarður, og ósannfærðan um nauðsyn, eða gildi, fyrirhugaðs hálendisþjóðgarðs.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ingi Jónsson

Náttúruunnandi, útivistarmaður, veiðimaður, jeppamaður og flugmaður.